



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Úthlutun almennra styrkja og þróunarstyrkja árið 2017

Þróunarstyrkjum skóla- og frístundaráðs er úthlutað árlega í samræmi við áherslur sem settar eru í starfsáætlun sviðsins. Markmiðið er að styðja við ýmis verkefni sem stuðla að nýjungum, rannsóknum eða nýbreytni í uppeldis- og fagstarfi leikskóla og grunnskóla og í frístundastarfi. Skóla- og frístundaráð ákvað að ekki yrðu tilgreindar ákveðnar áherslur vegna úthlutunar styrkja til þróunarverkefna og samstarfsverkefna árið 2017. Þó var bent á áherslur og forgangsröðun í Stefnu og starfsáætlun SFS 2016, en þar var meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi umbótaþætti:

- Málþroski, læsi og lesskilningur
- Verk-, tækni- og listnám
- Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi
- Fjölmennungur

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs voru jafnframt hvattir til að sækja um fyrir önnur verkefni en ofangreind til að stuðla að öflugra skóla- og frístundastarfi í Reykjavík.

Unnið var eftir samræmdu vinnulagi vegna úthlutunar styrkja til þróunar- og samstarfsverkefna á vegum stofnana sviðsins. Einnig var stuðst við reglur Reykjavíkurborgar um úthlutun styrkja til þróunarverkefna.

Fjörutíu og tvö þróunarverkefni í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi fengu styrki skóla- og frístundaráðs og sjö aðilar fengu almenna styrki. Samningar voru gerðir við alla styrkþega og fyrri greiðslan greidd út að lokinni undirritun samnings. Vegna þróunarverkefna voru greidd 60% styrkuppþæðar en 50% vegna almennra styrkja. Skv. reglum Reykjavíkurborgar og úthlutunarreglum skóla- og frístundaráðs var seinni greiðslan greidd styrkþegum þegar fullnægjandi lokaskýrsla eða greinargerð hafði verið skilað um verkefnið og ráðstöfun styrkfjár.

Til þróunarverkefna á vegum leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs var úthlutað kr. **17.950.000**. Þann 13. maí 2019 höfðu verið greiddar kr. **12.777.000** til þróunarverkefna en

ógreiddar voru kr. **5.173.000**. Fimm starfsstaðir afþökkuðu styrkinn og sautján starfsstaðir höfðu ekki skilað lokaskýrslu og því hefur lokagreiðslan ekki enn verið greidd út.

Til almennra styrkja var úthlutað kr. **4.500.000**. Þann 13. maí 2019 höfðu verið greiddar kr. **4.075.000** vegna almennra styrkja en ógreiddar voru kr. **425.000**. Tveir styrkþegar eiga eftir að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár skv. reglum borgarinnar.